

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 30.ágúst 2021 um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar í íbúaráði Miðborgar og Hlíða fagna drögum að nýrri Lýðræðisstefnu. Íbúaráðinu þykja drögin til sóma og til eftirbreytni að hún hefur verið unnin í breiðu samráði. Til mikils er að vinna að auka lýðræðislega þátttöku íbúa í borginni.

Við fögnum því sérstaklega að auka á aðgengi fólks á ólíkum aldri, barna, ungmenna og fullorðinna, fólks með ólíkan uppruna og ólíka færni og að styðja á fólk til þátttöku. Það er afar mikilvægt að „raddir“ allskonar fólks fái að heyrast í lýðræðissamfélagi.

Í umsögn okkar þá leggjum við áherslu á að það sé mælt sérstaklega hvort að því markmiði að sjónarmið/raddir allskonar fólks skili sér í öllum þeim málum sem snerta líf borgarana og eru undir í nýrri lýðræðisstefnu.

Stundum brennur við að málefni ákveðinna hópa tam. fatlaðs fólks séu sett í sér hól, málefni fólks af erlendum uppruna séu sett í annað sérstakt hól og fjallað sé eingöngu um afmörkuð málefni í því samhengi. En þess þarf að gæta að hver málaflokkur tam. skólamál eða umhverfismál eða þátttaka í íbúafundum snertir líf tam. fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna og mikilvægt að þátttakendur endurspegli alla flóru mannlífsins.

Þannig að í mælanlegum markmiðum þá sé demographia í stóru samhengi skoðuð. Tam. þegar skoðað er hvort að þátttaka í íbúafundum eða kosningu í Hverfið mitt hafi aukist að þá sé líka skoðað hvort hún hafi aukist tam. hjá því fólki sem oft er jaðarsett af samfélaginu á einhvern hátt en ekki bara í prósentum því á bak við aukninguna gæti verið einsleitur hópur. Það hlýtur að vera markmið að stefnan nái yfir og til allskonar fólks og að allskonar fólk með allskonar bakgrunn séu virkir þátttakendur í lýðræðinu. Við teljum að með því að skoða þetta mjög vel og setja þetta inn sem mælanlegt markmið að það leiði af sér betri borg og betra samfélag fyrir okkur öll.

Fulltrúi Samfylkingar
Fulltrúi Viðreisnar
Fulltrúi íbúasamtaka
Fulltrúi foreldrafélaga
Slembivalinn fulltrúi.